

103 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um endurgjald á**
5. okt. sveitarstyrk og sveitfesti þurfalings.

Hreppsnefndin í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 25. nóv. f. á., sem ákveður, að Friðrik nokkur Guðmundsson skuli teljast sveitlægur í tjeðum hreppi. Eftir mótöku brjefs yðar, dags. 20. ágúst þ. á., er hjermeð lagður svofeldur úrskurður á málið. Nefndur Friðrik Guðmundsson er fæddur á Ketilsstöðum í Dyrhólahreppi hinum forna í Skaftafellssýslu árið 1870, og er það viðurkennt í málinu, að hann hafi hvergi verið búinn að vinna sjer sveit, er hann settist að í Arnarneshreppi haustið 1899, en í þeim hreppi hefir hann dvalið síðan. Hinn 18. oktbr. 1909 beiddist hann skriflega styrks hjá hreppsnefnd Arnarneshrepps, og virðist hreppsnefndin, eftir því sem er upplýst undir gangi málsins, hafa byrjað að veita honum styrk um það leyti og skýrsla var af honum tekin 21. s. m., en styrkveiting þessi var ekki tilkynt fyr en með brjefi hreppsnefndarinnar, dags. 29. desbr. s. á., og það mjög ófullkomlega og villandi eftir því sem síðar er upplýst í málinu; í brjefinu er ekki getið styrksupphæðarinnar, en samkvæmt því sem síðar kom fram var hún þá 108 kr. 02 aur. Síðar veitti hreppsnefndin honum frekari styrk, og er styrksupphæðin samkvæmt skjölum þessa máls alls 398 kr.

Hreppsnefnd Dyrhólahrepps hins forna hefir neitað að viðurkenna Friðrik sveitlægan í þessum hreppi, og heldur því fram, að hann hafi unnið sjer sveit í Arnarneshreppi; á þetta fallist þjer í úrskurði yðar, þar sem þjer gangið að því visu, að Friðrik hafi verið búinn að vera í Arnarneshreppi í full 10 ár þegar honum var veittur styrkurinn 1909, og að hreppsnefnd Arnarneshrepps hafi þegjandi leyft honum húsmennsku fyrsta dvalarár hans í hreppnum með því hún ekki ljet sekta hann fyrir ólöglega húsmennsku og veitti honum húsmennskuleyfi 19. okt. 1900 er hann sótti um það. Til vara hefir hreppsnefnd Dyrhólahrepps hins forna fundið ýmislegt að styrkveitingunni, hvernig hún var útilátin, að hún hafi verið óþarflega mikil og vörurnar óhæfilega dýrt seldar.

Eins og á undan segir verður að telja það víst, að Friðriki hafi verið veittur sveitarstyrkurinn í Arnarneshreppi í októbermánuði 1909, og á hinn bóginn er það fullsannað, að hann kom ekki til Akureyrar frá Eskifirði, þar sem hann hafði dvalið næst á undan, fyr en 26. október 1899, en ekki er það fulljóst, eftir því sem upplýst er í málinu, hvenær hann settist eftir það að í Arnarneshreppi, en það getur ekki hafa verið fyr en í lok mánaðarins eða jafnvel ekki fyr en í byrjun nóvembermánaðar; hann virðist því ekki hafa verið búinn að dvelja 10 ár í hreppnum þegar hann fjekk styrkinn, en þar við bætist það, að dvöl hans þar til 19. október 1900, verður, eftir því sem liggur fyrir, að telja dvöl í ólöglegri húsmennsku, sem samkvæmt þágildandi tilskipun 26. maí 1863, 12. gr., er ekki lögmæt sveitfestisdvöl, enda er ekki upplýst, að hreppsnefnd Arnarneshrepps hafi þetta ár komið fram gagnvart Friðriki á líkan hátt og getur um í landshöfðingjaúrskurði 13. maí 1896, sem hreppsnefnd Dyrhólahrepps hins forna hefir borið fyrir sig, svo að sagt verði, að hún hafi þegjandi leyft húsmennsku Friðriks þetta ár í hreppnum. Friðrik hefir því ekki unnið sjer sveit í Arnarneshreppi.

Um aðfinstur Dyrhólahrepps hins forna viðvikjandi styrkveitingunum skal **103**
þess getið, að nefndin hefir ekki fært fullnægjandi rök fyrir því, að þær hafi **5. okt.**
verið óhæfilega riflegar, eða hægt hafi verið að fá vörurnar ódýrari á þessum stað. Hins vegar dróst tilkynningin á fyrstu styrkveitingunni óhæfilega langt framyfir þann tíma, sem tiltekinn er í 66. gr. fátækralaganna, enda var tilkynningin, þegar hún loksins var send, bæði ónákvæm og villandi, og telst rjett, að hreppsnefnd Arnarneshrepps missi fyrir þær sakir endurgjaldskröfu á fyrstu styrkveitingunni, 108 kr. 02 aur. Verður þá eftir af kröfu hreppsnefndar Arnarneshrepps í þessu máli 289 kr. 98 aur., sem hreppsnefnd Dyrhólahrepps hins forna ber að endurgjalda henni að $\frac{2}{3}$ eða með 193 kr. 32 aur.

Samkvæmt þessu úrskurðast hjermeð, að framannefndur Friðrik Guðmundsson skuli teljast sveitlægur í fæðingarhreppi sínum Dyrhólahreppi hinum forna, og að hreppsnefnd þess hrepps skuli endurgreiða hreppsnefnd Arnarneshrepps 193 kr. 32 aur. af framangreindum sveitarstyrk til hans.

Þetta birtist yður, herra sýslumaður, hjermeð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Dyrhólahrepps hins forna.

Brjef stjórnarráðsins til lögreglustjórnanna um verslunarskýrslur.

104

Undanfarin ár hefir innheimta á verslunarskýrslum oft gengið mjög erfiðlega. Megnið af skýrslunum fyrir árið á undan hefir ekki verið komið í hendur stjórnarráðsins fyr en að áliðnu sumri, og þegar síðustu skýrslurnar hafa komið, hefir oft verið liðið töluvert fram á vetur. Auðvitað hefir þá ekki þótt gerlegt að láta dragast lengur að ljúka við samningu verslunarskýrslanna, enda þótt eitthvað væri þá enn ókomið, og eigi hefir heldur verið tími til að endursenda til lagfæringar skýrslur, sem ábótavant hefir verið, þegar þær hafa komið svo seint. Með því að verslunarskýrslurnar eru mest og almennast notaðar af öllum landshagsskýrslum, er mikið undir því komið, að skýrslur þessar geti birst sem fyrst og sjeu sem áreiðanlegastar í alla staði. En til þess að það geti orðið, verða allir lögreglustjórar að gæta þess vandlega, að fyrirmælunum um innheimtu skýrslanna sje rækilega framfylgt. Í því efni ber þeim einkum að hafa hugfast það sem hjer segir:

7. okt.

1. Að útvega ætíð nægilegar birgðir af eyðublöðum undir verslunarskýrslurnar og skýrslur um verslunarskuldir svo snemma á haustin að allir skýrslugefendur *geti fengið þau í hendur fyrir árslok*, og láta aldrei dragast fram yfir áramót að senda eyðublöðin frá sjer.

2. Að senda eyðublöð til allra þeirra, sem kunnugt er um eða líklegt þykir að flutt hafi vörur inn í landið eða út úr því á árinu, hvort sem þeir hafa haft nokkra verslun eða aðeins flutt vöru til eigin þarfa.

3. Að brýna fyrir skýrslugefendum að útfylla eyðublöðin í tæka tíð, svo að þeir geti skilað þeim til sýslumanns eða bæjarfógeta *fyrir 15. mars*. Framan